

Lágur fosfór og kalí í heyjum frá sumrinu 2012

Steinefnainnihald heyja frá sumrinu 2012 var víða lægra en verið hefur undanfarin ár. Þetta sýna niðurstöður heyefnagreininga. Á þeim svæðum landsins sem þurrkar voru hvað mestir síðastliðið vor og fram eftir sumri er þessi breyting greinilegust og má ætla að þar hafi upptaka næringarefna engan vegin verið nægjanleg. Vitanlega spratt gras illa í þurrkinum en einnig var magn einstakra steinefna, s.s. fosfórs og kalí lágt í uppskerunni, sumstaðar mjög lágt. Æskilegt er að gildi fyrir fosfór (P) í heyi sé nálægt 3 g í kg þurrefnis og kalí (K) nálægt 18 g/kg þe. Séu þessi gildi komin niður í 2 fyrir fosfór og 12 fyrir kalí má ætla skortur sé á þessum efnum og hann farinn að koma niður á sprettu.

Tilbúinn áburður hefur á síðustu tíu árum nærri fjórfaldast í verði. Af þessum sökum hafa sumir bændur að einhverju leyti dregið úr notkun hans. Hefur þá stundum áburðargjöf í heild minnkað eða að valdar hafa verið áburðartegundir sem innihalda einkum köfnunarefni, en minna af fosfór og kalí. Þannig hefur köfnunarefnisgjöf haldist svipuð en áborið magn af fosfór og kalí minnkað.

Búfjáráburður er steinefnaríkur og getur með skynsamlegri nýtingu gefið stóran hluta af þeim fosfór og þó einkum því kalí sem bera þarf á túnin. Nýlegar athuganir hafa þó sýnt að innihald kúamykju á áburðarefnum er mjög breytilegt og því ekki tryggt að hún sé allstaðar að skila þeim áburðarefnum sem sumir bændur gera ráð fyrir. Kalí er aðeins í mjög litlu magni í kjarnfóðri og steinefnum sem búfé er gefið og má því gera ráð fyrir því að lítið kalí sé í mykju þar sem innihald heyja af kalí er lágt. Þessu kann að vera öðruvísi farið með fosfór sem og önnur efni sem bætt er inn í þessa hringrás næringarefna t.d. með steinefnagjöf. Hjá Landbúnaðarháskóla Íslands er hægt að fá greiningu á innihaldi búfjáráburðar. Eins og við aðra sýnatöku er mikilvægt að vandað sé til hennar og farið eftir leiðbeiningum.

En hvað er þá til ráða þar sem innihald heyja af fosfór var lágt? Sé ástæða til að ætla að of lítið hafi verið borið á af fosfór er ástæða til að bæta úr því og auka skammtinn. Hæfilegur skammtur á hektara er sá sami og eðlilegt er að tekinn sé upp með uppskeru, um 15 kg/ha miðað við 5 þurrefnis tonna uppskeru. Upptaka plantna á næringarefnum á sér stað með rótum, úr vatni í jarðveginum. Því er upptaka minni í þurrkatíð, og því minni sem minna vatn er í jarðveginum. Sé þurrkatíð ástæða þess að plöntur innihalda lítið af fosfór dugar lítið að auka fosfórskammtinn í áburði. Það er hinsvegar mikilvægt að bera tímanlega á og nýta þá rakann í jarðveginum. Leysanleiki áburðarefna er minni á þeim tíma vegna þess að hiti er jafnan lágur, en hafi plönturnar góðan aðgang að fosfór í byrjun vaxtartímans eflir það rôtarmassa plantnanna og síðan upptöku næringarefna. Ungir plöntuhlutar innihalda hlutfallslega meiri fosfór en eldri, ung blöð eru því fosfórrikkari en þau eldri. Geta plöntur nýtt sér fosfór úr eldri blöðum til að mynda ný. Því er mikilvægt að þær nái góðri sprettu í byrjun vaxtartímans, það getur komið þeim til góða í framhaldandinu.



RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Hjá þeim sem kalíinnihald heyja var lágt er rétt að auka kalískammtinn sé ekki hægt að skella skuldinni á þurrka. Rétt er að stefna að því að kalí-tala í heyi sé nálægt 18 g/kg þe.

Til að geta skipulagt fóðrun búfjár og gert nákvæmar fóðuráætlanir þarf að efnagreina fóðrið. Gróffóður er undirstaðan í fóðrinu á hverju búi og því mikilvægt að vita efnainnihald þess. Fjöldi bænda fær hey sín efnagreind á hverju hausti en mörgum fleirum gæti sá háttur orðið að gagni. Auk þess að nýtast við skipulag fóðrunar gefa heyefnagreiningar gagnlegar upplýsingar við val tilbúins áburðar og gerð áburðaráætlana.

Eiríkur Loftsson

Ráðunautur í fóðrun

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins